

Allsherjarnefnd Alþingis
Nefndasvið
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík.

Reykjavík, 25. apríl 2005

Vísað er til bréfs allsherjarnefndar Alþingis, dags. 14. þ.m., þar sem Vátryggingafélagi Íslands hf. er gefinn kostur á að gefa umsögn um frumvarp til laga um breytingu á skaðabótalögum nr. 50/1993.

Í 1. gr. frumvarpsins er lagt til, að 4. mgr. 5. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 verði breytt á þann veg, að frá bótum fyrir varanlega örorku verði greiðslur frá almannatryggingum því aðeins dregnar, að um eingreiðslu sé að ræða.

Í greinargerð með 4. gr. frumvarps til breytinga á skaðabótalögum, sem síðar varð að lögum nr. 37/1999 og breytti 4. mgr. 5. gr. skaðabótalaga í það horf sem hún er í dag segir: “Margföldunarstuðull 5. gr. frumvarpsins er annars eðlis en í gildandi lögum og við það miðaður að tjónþoli fái að fullu bætt það tekjutap sem hann verður fyrir vegna varanlegrar örorku. Vegna þessa er lagt til að til frádráttar bótum komi greiðslur af félagslegum toga sem koma í hlut tjónþola vegna örorkunnar.”

Af tilvitnuðum orðum greinargerðarinnar er ljóst að ef tekin verður upp sú regla, sem lögð er til í 1. gr. frumvarps þess sem hér er til umfjöllunnar, mun hún leiða til þess að reiknigrundvöllur bóta fyrir varanlega örorku, sem lagður var með lögum nr. 37/1999, mun raskast og hluti tjónþola fá bætur umfram raunverulegt tjón sitt. Með þessu er vikið frá þeirri grundvallarreglu skaðabótaréttarins að mönnum beri fullar bætur fyrir tjón sitt en eigi ekki að hagnast á því. Með þessu ákvæði er tjónþolum einnig mismunað og munu þeir sem eiga rétt á bótum frá almannatryggingum fá umtalsvert hærri bætur en þeir sem ekki uppfylla skilyrði almannatryggingalaga um bætur.

Í 2. gr. frumvarpsins er lagt til að 1. mgr. 13. gr. skaðabótalaga verði breytt á þann veg, að enginn frádráttur verði frá bótum til maka eða sambúðarmaka vegna missis framfæranda.

Fallast má á nauðsyn þess að endurskoða 13. gr. skaðabotalaga, þar sem óeðlilegt er að draga bætur sem hinn látni hefði hugsanlega átt rétt á, en aldrei koma til greiðslu, frá bótum til eftirlifandi maka. Á hinn bóginn hlýtur að teljast eðlilegt að bætur fyrir missi framfæranda lúti sömu reiknilögmálum og aðrar sambærilegar bætur samkvæmt skaðabotalögum. Þessu má ná fram með því að að draga frá bótum fyrir missi framfæranda þær greiðslur, sem ekkja eða ekill á rétt á vegna andláts makans, og samsvara frádrætti skv. 4. mgr. 5. gr. skaðabotalaga, t.d. greiðslur frá almannatryggingum og lífeyrissjóði.

Virðingarfyllt
Váryggingafélag Íslands hf.



Sigríður Thorlacius